



Bjarkarhlíð

fyrir þolendur ofbeldis

Ráðgjöf – Stuðningur – Fræðsla

BJARKARHLÍÐ BÝÐUR RÁÐGJÖF OG FRÆÐSLU FYRIR ALLA

- Veitir samhæfða þjónustu á forsendum þolenda
- Veitir upplýsingar um kærufæri og réttarvörslukerfi hjá lögreglu
- Aðstoðar lögreglu við að tryggja öryggi þolenda og meta hættu á frekara ofbeldi
- Veitir fræðslu og upplýsingar um eðli og afleiðingar ofbeldis
- Börn sem verða vitni að ofbeldi fá viðtöl hjá sálfræðingum Barnaverndar Reykjavíkur

MARKMIÐ BJARKARHLÍÐAR

- Að samhæfa þjónustu fyrir þolendur ofbeldis á einum stað
- Að koma til móts við þarfir þolenda og barna þeirra
- Að vera sameiginlegur vettvangur fyrir fræðslu og umfjöllun um birtingarmyndir ofbeldis
- Að gefa skýr skilaboð um að ofbeldi verði ekki liðið



HVAÐ ER OFBELDI?

- **Líkamlegt ofbeldi:** Kýla, slá, sparka, hrinda.
- **Andlegt ofbeldi:** Skamma, ógna, niðurlægja, stjórna.
- **Kynferðislegt ofbeldi:** Nauðgun, sifjaspell, kynferðisleg áreitni, stafrænt kynferðislegt ofbeldi, klám, mansal.
- **Fjárhagslegt ofbeldi:** Fjármunum haldið frá fólki/notaðir í ósamræmi við vilja einstaklings.
- **Efnislegt ofbeldi:** Eignaréttur ekki virtur, hlutir eyðilagðir.
- **Vanræksla:** Aðstoð haldið frá viðkomandi, lyfjagjöf ekki sinnt sem skyldi.
- **Elta eða hóta:** Að elta manneskju og sitja fyrir henni gegn vilja hennar – eltihreilir. Hótanir um að birta nektarmyndir – hrelliklám.
- **Mismunun:** Ofbeldi og áreitni sem beinist t.d. að uppruna, kyni, kynþætti, kynhneigð, kynvitund, skerðingu eða annarri stöðu viðkomandi.

HÆTTUMERKI UM OFBELDI

Ofbeldi getur hent hvern sem er, hvar sem er.

Þekktar aðferðir sem ofbeldisfólk notar til að ná tökum á þeim sem verða fyrir ofbeldinu:

- Að skapa ótta
- Að ala á sektarkennd
- Að koma inn skömm
- Að beita hótunum

Að átta sig á og þekkja einkenni ofbeldis í nánnum samböndum getur verið fyrsta skrefið í þá átt að fá hjálp.

Ofbeldi hefur ekki aðeins alvarlegar afleiðingar fyrir þolendur og fjölskyldur þeirra, heldur allt samfélagið.

Það getur haft jafnalvarlegar afleiðingar fyrir börn að verða vitni að ofbeldi og að vera beitt ofbeldi.

HVAÐ GET ÉG GERT?

- Hringt í lögreglu ef þú verður vitni að ofbeldi.
- Kynnt þér úrræði fyrir þolendur ofbeldis.
- Sagt vini eða kunningja, sem hugsanlega er þolandi ofbeldis, frá úrræðum eins og Bjarkarhlíð.
- Verið góð fyrirmynd með því að bera virðingu fyrir fjölskyldu, vinum og samstarfsfólki og lítillækka ekki eða stjórna fólki í kringum þig.
- Látið vita að þú líðir ekki ofbeldi.
- Styrkt samtök eða málefni sem vinna gegn ofbeldi og látið aðra vita af því.



FYRIR ALLA 18 ÁRA OG ELDRI SEM ORÐIÐ HAFA FYRIR OFBELDI

Bjarkarhlíð býður:

- Ráðgjöf, stuðning og upplýsingar fyrir þolendur ofbeldis
- Samhæfða þjónustu undir einu þaki
- Einstaklingsviðtöl
- Lagalega ráðgjöf
- Félagslega ráðgjöf
- Þjónustu við þolendur mansals

Öll þjónusta Bjarkarhlíðar er án endurgjalds

Samstarfsaðilar Bjarkarhlíðar eru: Reykjavíkurborg, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Stígamót, Drekaslóð, Samtök um Kvænnaathvarf, Kvennaráðgjöfin, Velferðarráðuneytið, Dómsmálaráðuneytið og Mannréttindaskrifstofa Íslands.



Bústaðavegur



Bústaðakirkja

Ragna Björg Guðbrandsdóttir
félagsráðgjafi og verkefnastjóri Bjarkarhlíðar
ragna@bjarkarhlid.is
sími: 664 8341

Hafdís Inga Hinriksdóttir
félagsráðgjafi og sérfræðingur Bjarkarhlíðar
hafdis@bjarkarhlid.is
sími: 664 8321

Berglind Eyjólfsdóttir
Rannsóknarlögreglukona Bjarkarhlíðar
be@lrh.is
sími: 843 1859

Bjarkarhlíð við Bústaðaveg / Sími: 553-3000 / bjarkarhlid@bjarkarhlid.is / www.bjarkarhlid.is